

Sp.

22. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

Flm.: Finnur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um eftirlit með skipum og bátum og um öryggi þeirra, svo og tilskipanir og reglugerðir, er settar hafa verið um þetta efni. Jafnframt sé nefndinni falið að athuga framkvæmd skipaeftirlitsins á lögum og reglum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum.

Ríkisstjórnin skipar formaun nefndarinnar, og sé hann skipaverkfræðingur. Hina fjóra nefndarmennina skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu, einn eftir tilnefningu Farmanna og fiskimannasambands Íslands, annan eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur, hinn þriðja eftir tilnefningu Landssambands útgerðarmanna og þann fjórða eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en hinn 1. júní þ. á.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hin tíðu og hörmulegu sjóslys hér við strendur landsins hafa að vonum vakið miklar umræður, bæði í blöðum og þá eigi síður manna á meðal. Hafa komið fram mjög sterkar raddir um, að eftirliti með skipum sé ábótavant. M. a. hefur Sjómannafélag Reykjavíkur gert eftirfarandi fundarsamþykkt í einu hljóði:

„Aðalfundur Sjómannafélags Reykjavíkur, 25. janúar 1944, samþykkir:

1. Að fela stjórn félagsins að beita sér af alefli fyrir auknum ráðstöfunum gegn hinum tíðu og stórfelldu sjóslysum, er mjög færast í vöxt, samanber Max Pembertonslýsið.
2. Að leita samvinnu við önnur stéttarfélög sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði um þessi mál, eins og tíðkamt hefur frá styrjaldarbyrjun.
3. Að leita aðstoðar ríkisstjórnarinnar og Alþingis um setningu hvers konar lög-gjafar, sem að haldi megi koma til öryggis mannlífum á sjónum.
4. Að framkvæmdarvaldið og eftirlitið með öryggismálunum verði skerpt, frá því sem nú er, og það fái ákærvald jöfnum höndum.
5. Að sjómannastéttin sé vel á verði um, að öllum settum öryggisreglum sé framfylgt og aðvari rétta hlutaðeigendur, þar með stjórnir stéttarfélaganna, um allt, sem vanrækt kann að vera um borð í skipunum, er að öryggi lýtur.
6. Að gera sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir, að skipin séu ofhlaðin, jafnt við veiðarnar sem á ferðum til hafna og á milli landa, enda leiti sjómennirnir aðstoðar stéttarfélaganna í hvert sinn, ef um árekstur er að ræða út af þessum málum.“

Þá hefur atvinnumálaráðherra falið sjúðómi Reykjavíkur sérstaka rannsókn í sambandi við hið síðasta sjóslys. Er það virðingarverð tilraun til þess að komast að hinu rétta í þessu máli, en þó eigi fullnægjandi. Lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra eru frá árinu 1938, og hafa síðan verið gerðar á þeim breytingar, einkum hvað viðvíkur varúðarráðstöfunum vegna ófriðarins. Hins vegar er tilskipun um eftirlit með skipum frá árinu 1922 enn eigi endurskoðuð, og virðist þó full þörf á því.

Flm. leggja engan dóm á, hverju hin einstöku sjóslys eru að kenna, þó að eigi verði varizt þeirri hugsun eftir blaðaskrifum um málið, að annaðhvort sé einhverju ábótavant við reglurnar um skipaefirlitið eða þá að skipaefirlitið sjálf sé eigi nógu öflugt.

Má í því sambandi benda á, að í skipaefirlitinu er enginn skipaverkfræðingur starfandi, og virtist það þó eðlilegt.

Atburðir hinna síðustu mánaða hafa orðið því valdandi, að almennar kröfur eru upp komnar um rannsókn á þessum málum. Menn vilja fá úr því skorið, ef unnt er, hverjar orsakir eru til slysanna, en jafnframt getur líf margra manna verið undir því komið, að sú þekking, er slík rannsókn kann að leiða í ljós, verði notuð til hins ýtrasta til þess að koma í veg fyrir, að slysum haldi áfram, eftir því sem mannlegur máttur megnar.

Þessa reynslu verður að notfæra tafarlaust, og miðar till. þessi að því, að svo verði gert. Flm. telja eðlilegast, að löggjöf um þetta efni verði undirbúin af fulltrúum frá samtökum sjómanna og útvegsmanna og á þann hátt náist bestur árangur, enda verði nefndinni tryggð aðstoð skipaverkfræðings, er sé formaður hennar.